

RARIK ohf.  
Dvergshöfði  
110 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2022  
UST202204-113/Þ.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Strenglögn - Teigarhorn - Djúpivogur**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn RARIK ohf, dagsett 11. apríl 2022 um leyfi til plægingu á jarðstreng í gegnum fólkvangin við Teigarhorn.

Teigarhorn er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 417/2013. Óheimilt er að raska jarðmyndunum, þ.m.t. með hvers konar áletrunum og óheimilt er að hrófla við geislasteinum þar sem þeir koma fram í jarðlögum. Einnig er óheimilt að flytja geislasteina út af svæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir sem haft geta í för með sér röskun og/eða eyðileggingu á geislasteinum eða jarðlögum sem eru rík af geislasteinum eru óheimilar. Jafnframt er mannvirkjagerð óheimil á verndarsvæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna ökutækja í náttúruvættinu er óheimil.

Teigarhorn er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 416/2013. Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í fólkvanginum, en þó er starfsmönnum á svæðinu heimil, ef nauðsyn krefur, notkun vélknúinna farartækja vegna starfa við stígagerð og vegna veitumannvirkja innan marka fólkvangsins, enda sé ekki unnt að framkvæma verkið á annan. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Óheimilt er að fjarlægja geislasteina út af svæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Djúpavogshrepps og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Plægja á rafstreng 1,6 km leið í gegnum fólkvangin á Teigarhorni. Þar af fara 300 metrar í heimtaug að byggingu innan náttúruvættisins Teigarhorni. Kort sem sýnir legu strengsins og heimtaugar að Teigarhorni fylgdi með umsókninni. Leitast verður við að fylgja eldri lögnum sem liggja um þetta svæði svo sem vatnsveitu, fjarskiptastreng og eldri háspennustreng. Jarðýta verður notuð við plægingu á strengnum. Strengkeflin verða á plógýtunni og/eða á öðru tæki framan við plógýtuna, Beltagrafa verður notuð til að fylgja jarðýtunni og lagfæra ummerki. Gengið verður frá meðfram plógfari og ummerki lagfærð. Vinnuvélarnar munu fylgja strengleiðinni sem sýnd er á korti. Samhliða verður loftlína sem liggur um svæðið fjarlægð. Ráðgert er að strengurinn verði plægður í jarðveg niður á 70 - 90 cm dýpi með aðvörunarborða en hælur verða settir með ákveðnu millibili. Við lagningu strengsins verður þess gætt að valda sem minnstu jarðraski og að sem minnst ummerki eftir framkvæmdirnar sjáist. Strengurinn sjálfur er um 5 sentimetrar í þvermál.

Sett verður upp ein jarðspennustöð innan fólkvangsins og er staðsetning hennar sýndi á korti sem fylgdi umsókn. Mynd af jarðspennustöðinni fylgdi einnig með umsókn. Gera þarf jarðvegskipti og koma fyrir undirstöðum undir stöðina. Verður hún staðsett nálægt vegi/slóða eða við ræktað land þannig að jarðrask utan vega verður í lágmarki. Framkvæmdinn er í samræmi við samþykkt aðalskipulag sveitarfélagsins Djúpavogshrepps. Að verkinu koma 3-4 starfsmenn og mun framkvæmdinn hefjast um mánaðarmótin maí/júní og er framkvæmdartíminn áætlaður 10 vikur

#### ***Umsagnir:***

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Múlaþings þann 27. apríl 2022 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Múlaþings barst þann 11. maí 2022. Í umsögn Múlaþings kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við stefnu Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020 en þar er lögð áhersla á „að raforka sé aðgengileg fyrir alla íbúa, dvalargesti og atvinnurekendur á svæðinu og viðhald lína og mannvirkja sé ávallt í góðu lagi. Áhersla verður lögð á það á skipulagstímabilinu að línur verði lagðar í jörð á viðkvæmum stöðum og sem flestir bæir eigi kost á þriggja fasa rafmagni.“ Deiliskipulag fyrir fólkvanginn var samþykkt 2018 en lagnaleiðir eru ekki sýndar á deiliskipulagsupprætti. Jafnframt segir að gæta skuli vel að skráðum menningarminjum við val á lagnaleiðum og leita umsagnar Minjastofnunar þegar þær liggja fyrir. Jafnframt bendir Múlaþing á að RARIK hefur ekki sótt formlega um leyfi eða heimild til sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar til skamms tíma en svæðið muni jafna sig á nokkrum árum sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir RARIK ohf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu jarðstrengs innan fólkvangsins og náttúrvættið Teigarhorn sbr. lýsingu hér að ofan frá 15. maí 30 ágúst 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingu á framkvæmdarstað til að merkja hann.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Við ákvörðun á legu heimtaugar að Teigarhorni og staðsetningu jarðspennustöðvar skal taka mið af hönnun bílastæðis sem fyrirhugað er að gera á svæðinu.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

- Gæta skal að mengunarvörnum vinnuvéla og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni á vegum Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
*sviðsstjóri*

Lára Björndóttir  
*sérfræðingur*